



44. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 5. júní, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Valdimar Guðmannsson, formaður bæjarráðs, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá formanni sóknarnefndar Blönduósskirkju.
3. Matsgerð á arðskrá fyrir veiðifélag Blöndu og Svartár.
4. Erindi frá umsjónarmanni veiðihúsa Lax-á ehf. vegna markaðssetningar á Hótel Blöndu.
5. Bréf frá Brunabótafélagi Íslands vegna úthlutunar úr styrktarsjóði EBÍ 2003.
6. Kynningarfundur um ný hafnalög.
7. Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Árbakkinn ehf.
8. Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Ferðaþjónustu Geitaskarði.
9. Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Blöndubýggð
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
 - a. Bæjarráð sótti aðalfund Særúnar ehf. í gær, 4. júní. Valdimar Guðmannsson sótti aðalfund Norðuróss, hinn 23. maí sl. Á báðum þessum fundum var greint frá stöðu fyrirtækjanna og framtíðarhorfum.
 - b. Bókun D-listans vegna íbúafundar um stefnumörkun bæjarstjórnar í atvinnumálum.

“Fulltrúar D-listans vilja lýsa yfir mikilli ánægju sinni með góða mætingu og umræður á fundi sem bæjarstjórn boðaði til um stefnumörkun í atvinnumálum Blönduóss í Félagsheimilinu þann 4. júní sl. Fram komu margar góðar ábendingar um áherslur frá íbúum Blönduóss og íbúum A-Húnavatnssýslu. Þó bar einn skugga á er bæjarstjóri kaus að svara einum íbúa með ódregilegum hætti þegar hann tók þátt í umræðum um atvinnumál og fór yfir stöðu þeirra. Einnig reyndi hún að gera lítlið úr störfum INVEST á þessum vettvangi, án þess að störf þeirra væru á neinn hátt til umfjöllunar á þessum fundi. Við viljum láta það koma fram að reynsla okkar af störfum INVEST er með miklum ágætum og búa þeir yfir góðri og mikilvægri reynslu sem mikilvæg er í atvinnuuppbyggingu héraðsins og Norðurlands vestra. Þess vegna teljum við að bæjarstjóri skuldi bæjarstjórn, INVEST og íbúum Blönduóss afsökunarbeiðni vegna þeirra orða sem hún lét falla á fundinum í gærkvöldi.”



Ágúst Þór Bragason
Auðunn Sigurðsson

2. Erindi frá formanni sóknarnefndar Blönduósskirkju.

Lagt fram erindi frá Jóni Sverrissyni, formanni sóknarnefndar Blönduósskirkju. Í erindinu er þess farið á leit að

- i. bæjarstjórnin styrkji kirkjuna í formi fjárframlags þannig að mögulegt sé að hafa kirkjuna lengur opna yfir sumartímann.
- ii. fasteignagjöld fyrir árin 2002 og 2003 verði felld niður.
- iii. bæjarfélagið aðstoði með að setja niður runnagróður við bílastæði. Ennfremur er þess óskað að Blönduóssbær aðstoði við runnagróður og fegri nánasta umhverfið við gömlu kirkjuna.

Erindinu frestað til næsta fundar bæjarráðs þar sem ekki liggja fyrir kostnaðartölur.

3. Matsgerð á arðskrá fyrir veiðifélag Blöndu og Svartár.

Bæjarstjóri sótti fund Veiðifélagsins hinn 30. maí sl. Í matsgerð kemur fram að einingar Blönduóssbæjar hafa lækkað um 17,9 frá fyrra mati. Matið hefur verið kært og er komið í hendur yfirmatsnefndar. Eigendum gefst kostur á að skila inn greinargerð fyrir lok september nk. til yfirmatsnefndar en áætlað er að nefndin ljúki störfum í júní á næsta ári. Fram koma að endurmat mun hins vegar gilda frá og með næstu áramótum.

4. Erindi frá umsjónarmanni veiðihúsa Lax-á ehf. vegna markaðssetningar á Hótel Blöndu.

- a) Umsjónarmaður veiðihúsa Lax-á ehf. óskar eftir þátttöku sveitarfélagsins í fyrirhuguðu kynningarefni á Skjá einum þar sem ætlunin er m.a. að kynna gamla hluta bæjarins og nánasta umhverfi sveitarfélagsins. Bæjarráð samþykkir að verða við erindinu og veita kr. 156.000,- í kynningarefnið.
- b) Óskað er eftir leyfi til að setja upp þjónustuskilti við þjóðveg. Bæjarráð vísar erindinu til Skipulags- og byggingarnefndar.

5. Bréf frá Brunabótafélagi Íslands vegna úthlutunar úr styrktarsjóði EBÍ 2003.

Bæjarstjóra falið að kanna möguleika á að sækja í sjóðinn.

6. Kynningarfundur um ný hafnalög.

Bæjarráð felur formanni hafnar- og veitunefndar að sækja fundinn sem haldinn er af Samgönguráðuneytinu og verður á þremur stöðum á landinu nú í júní.



7. **Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Árbakkinn ehf.**
Bæjarráð veitir jákvæða umsögn vegna leyfisins.
8. **Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Ferðaþjónustu Geitaskarði.**
Bæjarráð veitir jákvæða umsögn vegna leyfisins.
9. **Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Blöndubýggð**
Erindinu er vísað frá þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn og umsókn rekstraraðila.
10. **Önnur mál voru engin.**

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:35.

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)